

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2011

haldinn í félagsheimilinu Fellsborg, Skagaströnd,
föstudaginn 12. október 2012, kl. 09.15

Mættir voru 15 kjörgengir fulltrúar. Fundurinn telst löglegur þar sem löglega var til hans boðað skv. samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra.

Formaður, Björg Baldursdóttir, setti fund og bauð þingfulltrúa velkomna. Tilnefndi hún Jón Óskar Pétursson fundarstjóra og Stefán Haraldsson fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók því næst við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla um starfsárið 2011

Björg Baldursdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Björg hóf mál sitt á því að óska fundarmönnum til hamingju með Sögulega safnahelgi sem haldin verður um þessa helgi. Þá fór hún yfir skipan menningarráðs árið 2011 og ræddi um breytingar á starfshlutfalli starfsmanns Menningarráðs.

Á árinu 2011 var skrifað undir nýjan menningarsamning við ríkið sem gildir árin 2011-2013. Samkvæmt nýja samningnum er framlag ríkisins 23 milljónir og hefur lækkað um fjórðung frá árinu 2008. Þá var ný skiptiregla tekin í notkun sem sett var einhliða af hálfu ríkisins og leiddi hún til enn meiri samdráttar í framlögum til Norðurlands vestra. Þrátt fyrir eindregin mótmæli fékkst skiptireglunni ekki breytt.

Úthlutanir menningarráðs til verkefnastyrkja voru tvær á árinu 2011. Heildarupphæð styrkja var 21,5 milljón króna.

Þá fór Björg yfir marga nýja vaxtarsprotu í menningarlífínu á Norðurlandi vestra sem litu dagsins ljós á árinu 2011. Síðan sagði hún:

„Norðurland vestra líður fyrir það að vera gegnumstreymissvæði þrátt fyrir að hafa upp á ótalmargt að bjóða hvað menningu og náttúru varðar. Margir þeirra sem fara um svæðið á leið sinni til annarra staða hafa sjálfsagt ekki hugmynd um hversu margt er í boði í þeim efnunum.

Ég sé fyrir mér að hægt væri að bjóða ferðamönnum, ekki síst þeim sem ferðast á eigin vegum, nokkurs konar pakka sem innihéldi gistingu, veitingar, afþreyingu og menningu ásamt leiðbeiningum um áhugaverða staði og náttúruperlur.

Margir vilja láta skipuleggja fyrir sig ferðir um ákveðin landssvæði og einmitt þeir væru góður markhópur. Samsetning slíkra pakka myndi kalla á öflugt samstarf þeirra sem starfa að menningu og ferðaþjónustu en það er forsenda fyrir skilvirkri uppbyggingu á þessum sviðum.“

Að lokum þakkaði Björg samnefndarfólki sínu og menningarfulltrúa gott samstarf.

2. Ársreikningur fyrir árið 2011

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi skýrði ársreikning ráðsins fyrir árið 2011. Rekstrartekjur námu 32.559.202 kr. Rekstrargjöld námu 29.073.825 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu 360.495 kr. Rekstrarhagnaður í heild var því 3.845.872 kr.

Ársreikningur menningarráðs fyrir árið 2011 var borinn upp og samþykktur.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013

Ingibergur lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Tekjur eru áætlaðar 41.600.000 kr. en gjöld 45.945.000 kr. Rekstrartap er því áætlað 4.345.000 kr. sem fjármagnað verður með óráðstöfuðum afgangi frá fyrri árum. Af gjöldum er gert ráð fyrir að 26.000.000 kr. fari í verkefnastyrki og 10.300.000 kr. fari í stofn- og rekstrarstyrki.

Fjárhagsáætlun menningarráðs fyrir árið 2013 var borin upp og samþykkt.

4. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu fyrir árið 2011

Formaður bar upp tillögu að þóknun til fulltrúa í menningarráði fyrir árið 2012 væri óbreytt frá fyrra ári eða 12.500 kr. pr. setinn fund fyrir almenna fulltrúa og 18.750 kr. fyrir formann. Tillagan borin upp og samþykkt.

5. Önnur mál

Elín R. Líndal þakkaði Menningarráði og menningarfulltrúa góð störf. Lýsti hinn einhliða niðurskurð af hálfu ríkisins ólíðandi og hvatti Menningarráð til að leitast við að snúa þeirri þróun við.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 09:45.

Stefán Haraldsson fundarritari